

Lífsgæðasetur/Velferðarsetur Djúpavogs í gömlu kirkjunni.

Nafn: Þórdís Sævarsdóttir

Starf: Aðstoðarskólastjóri Djúpavogsskóla

Eitt af þeim húsum sem vöktu athygli mína og áhuga þegar ég flutti á Djúpavog var gamla kirkjan. Fyrst má reyndar nefna að hún er á nokkuð sérstökum stað miðað við kirkju, í alfara leið og vekur því sennilega athygli all flestra sem koma inn í kaптúnið. En þess utan vakti hún áhuga minn fyrir að vera falleg og hlýleg, gefa kaптúninu hlýlegan brag og gaf mér þá tilfinningu að bjóða aðkomandi velkomna.

Í samtali við Djúpvoginga komst kirkjan til tals, að hún væri í biðstöðu með hlutverk, stefnu og viðhald, en t.d. hefði komið upp sú hugmynd að hún yrði tónleika- og viðburðakirkja. Ég skil það vel að því leyti að vera hlýleg og gefa færi á einlægum og passlega fjölmönnum viðburðum.

Eftir að ég hóf þátttöku í starfi Djúpavogskirkju, sem hefur ljómandi góðan hljólm og er falleg að vera í, auk þess að sjá og syngja í því úrvali fallelgra sveitakirkja sem eru í nágrenninu og sem allar standa opnar fyrir bæði tónleikahaldi og viðburðum fannst mér gömlu kirkjunni ofaukið sem samskonar tónleika og viðburðastað.

Eitt af því mörgu merkilega og áhugaverða á Djúpavogi finnst mér vera Cittaslow-stefna Djúpavogs og þá t.d. tengsl við menningarlega, umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni sem ég tel að sé mikilvægur þáttur í þróun nútíma samfélaga og verði litið til sem fyrirmyndar í framtíðinni.

Lífsgæðasetur / Velferðarsetur Djúpavogs í gömlu kirkjunni

Lífsgæðasetur / Velferðarsetur er bæði gömul og ný hugmynd og er tengd t.d. hugmyndum að heilsuhælum, heilsuhótélum, ferðamannaíðnaði tengdum velferð o.s.frv.

Hugtökin lífsgæði, velferð og vellíðan eru víðfem hugtök en sem öll varða m.a. umhverfislegar aðstæður og mælikvarða á líkamlega, veraldlega og andlega vellíðan og gæði fólks, þar sem hver og einn hefur sín gildi.

Lífsgæðasetur / Velferðarsetur er þá staður þar sem er hægt að bjóða upp á mismunandi þjónustu sem á einhvern hátt eykur lífsgæði, velferð og vellíðan fólks, bæði heimamanna og fjölmargra gesta Djúpavogs árlega og gæti eflt Djúpavog sem ferðamannastað.

Lífsgæðasetur / Velferðarsetur fellur vel að markmiðum og stefnu Cittaslow, þar sem núvitund, vellíðan og einstaklega falleg náttúra sameinast á menningarlega ríkum stað.

Ég geri það að tillögu að „Gamla kirkjan“ verði hönnuð sem lífsgæðasetur / velferðarsetur, þar sem bæði væri hægt að fara inn í hvíld og slökun, auk þess að bjóða þjónustuaðilum tengdum vellíðan og góðri upplifun að fá aðstöðu til lengri eða skemmri tíma.

Hönnun setursins að innan og heppilegasta aðstaða mætti fara í hugmyndakeppni eða fá tillögur frá fagaðilum.

Ein hugmynd gæti verið að útbúa 1 – 3 herbergi þar sem þjónustuaðilar gætu sótt um bæði langtímaleigu og/eða styttri og lengri viðveru, auk þess sem þar væri einhverskonar setustofa / vellíðunarstofa fyrir hvíld, slökun og vellíðan, sem miðaði að því að vera opin daglega fyrir gesti og gangandi.

Sent fulltrúum heimastjórnar á Djúpavogi 18.01 2023.